

2. nóvember 2011  
SI-79706

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði, 12 mál.

Með tölvupósti dags. 21. október 2011 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Í tillöguninni kemur m.a. fram að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði og setji fram tillögur um hvernig styrkja má stöðu neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum. Nefndin skoði verkaskiptingu Stjórnarráðsins og stöðu sjálfstæðra stofnana sérstaklega og geri tillögur um breytingar ef þörf krefur. Tillögur nefndarinnar miði að því að bæta stöðu neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum, auka ábyrgð fjármálafyrirtækja gagnvart neytendum, bæta samkeppni á fjármálamarkaði neytendum í hag, tryggja öflugt eftirlit stjórnvalda með fjármálamarkaði og auka fjármálafræðslu til neytenda.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Harpa Jónsdóttir  
staðgengill framkvæmdastjóra